

YFIRLÝSING

frá foreldrafélagi og foreldraráði leikskólans Kvistaborgar
vegna myglu í húsnæði leikskólans

Reykjavík, 19. ágúst 2021

Til þeirra er málið varðar.

Foreldrafélag og foreldraráð leikskólans Kvistaborgar lýsa yfir verulegum áhyggjum af ástandi húsnæðis leikskólans, fyrirhuguðum flutningi á starfsemi leikskólans í Safamýri 5, skorti á upplýsingum frá Reykjavíkurborg og töfum við ákvarðanatöku hvað varðar málefni leikskólans.

Í apríl sl. fengu foreldrar upplýsingar um að grunur léki á myglu í húsnæði leikskólans og voru tvær deildir leikskólans fluttar í skátaheimili Garðbúa í Hólmgarði. Áður hafði verið ráðist í miklar framkvæmdir vegna myglu á Kvistaborg árið 2017. Í maí bárust niðurstöður frá Eflu sem staðfestu myglu í húsnæðinu á ný. Í kjölfar frekari sýnatöku skilaði Efla minnisblaði til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þann 25. júní sl. Foreldrar hafa hvorki fengið upplýsingar um efni minnisblaðsins né mat Eflu á ástandi húsnæðisins. Þá hafa foreldrar ekki fengið upplýsingar frá Reykjavíkurborg um ástand þeirra rýma húsnæðisins sem enn eru í notkun.

Þann 4. ágúst sl. var foreldrum tilkynnt að hafinn væri undirbúningur að flutningi allra deilda leikskólans í Safamýrarskóla við Safamýri 5 sem er í 4 km fjarlægð frá Kvistaborg og í öðru hverfi. Flutningarnir eru fyrirhugaðir um næstu mánaðamót og hefur foreldrum verið tilkynnt að viðbúið sé að leikskólinn verði starfandi í Safamýri í allt að sex mánuði og að foreldrar þurfi sjálfir að koma börnunum í leikskólann í Safamýri og sækja í lok dags. Að sex mánuðum liðnum er vonast til að skálar verði tilbúnir á lóð Kvistaborgar svo leikskólinn geti flutt aftur í heimahagana.

Sem fyrr greinir hafa foreldrar ekki fengið upplýsingar um ástand rýma leikskólans sem enn eru í notkun. Þá hafa foreldrar ekki fengið upplýsingar um hvort ákvörðun hafi verið tekin eða hvenær fyrirhugað sé að ákvörðun liggja fyrir um til hvaða ráðstafana verði gripið til að lagfæra húsnæði leikskólans og hve langan tíma það muni taka, t.a.m. hvort leikskólinn verði rifinn og endurbýggður eða hvort ráðist verði í endurbætur á húsnæðinu. Jafnframt hafa foreldrar ekki fengið upplýsingar um af hverju húsnæði Safamýrarskóla varð fyrir valinu og hvort aðrir kostir hafi verið kannaðir. Enn fremur hafa foreldrar engar upplýsingar fengið um húsnæðið í Safamýri 5, t.a.m. ástand þess, stærð, öryggi, útileiksvæði o.þ.h.

Ljóst er að langan tíma mun taka að koma húsnæði leikskólans í nothæft ástand og fyrirhugaðar framkvæmdir og flutningar munu hafa veruleg áhrif á leikskólabörnin og fjölskyldur þeirra. Auk fyrirsjáanlegs óhagræðis og rasks geta flutningarnir valdið börnunum kvíða og vanlíðan. Jafnframt er viðbúið að þetta ástand og flutningar geti haft mikil áhrif á starfsfólk leikskólans og fyrirsjáanlegir eru erfiðleikar við mönnun. Þá er ljóst að fyrirhugaðir flutningar fela í sér að 74 börn þurfa að sækja leikskóla í öðru hverfi en Fossvogi og ætlast Reykjavíkurborg til þess að fjölskyldur hvers og eins þeirra komi þeim til og frá leikskólanum á álagstíma í umferðinni með tilheyrandi tíma- og vinnutapi og mengun. Þetta er ekki viðunandi og mikilvægt að fullkanna aðra húsnæðis möguleika nær Kvistaborg.

Foreldrafélag og foreldraráð Kvistaborgar furða sig á skorti á upplýsingum um stöðu mála og útskýringum frá Reykjavíkurborg. Þá er það með öllu ósættanlegt að það geti tekið allt að sex mánuði að fá færanlega skála á leikskólalóðina. Svo virðist sem ekkert hafi hreyfst í málinu síðan í lok júní þegar Efla skilaði minnisblaði sínu en ljóst er að framkvæmdir sem voru hafnar á Kvistaborg hafa verið stopp síðan fyrir sumarlokun leikskólans og undirbúningsaðgerðir fyrir skála eru ekki enn hafnar. Dýrmætur tími hefur þar með farið í súginn.

Foreldrafélag og foreldraráð Kvistaborgar skora á Reykjavíkurborg að halda foreldrum betur upplýstum um stöðu mála og hraða vinnslu málefna leikskólans og ákvarðanatöku. Komi til þess að börnin þurfi að sækja leikskóla í Safamýri er farið fram á að boðið verði upp á rútuferðir til og frá Kvistaborg fyrir þá sem það vilja.

Foreldrafélag og foreldraráð Kvistaborgar